

313. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 4. nóvember 2024 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi

Fyrir tekið:

1. 2407078 - Málefni Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf.

Haraldur Ingi Birgisson sérfræðingur, Jónas Gestur Jónasson frá Deliotte sitja undir þessum dagskrárlíð. Bæjarráðsfulltrúarir, Valgarður L. Jónsson og Ragnar B. Sæmundsson sitja einnig fundinn sem og Jóhann Þórðarson endurskoðandi, Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri, Steinar Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og Haraldur Benediktsson bæjarstjóri.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir kynningu á málefnum fasteignafélags Akraneskaupstaðar í tengslum við frjálssa skráningu mannvirkja hjá kaupstaðnum.

Fundargestir víkja af fundi eftir þennan dagskrárlíð.

2. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltrúa

Umræður um næstu skref verkefnisins.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir breytingar á umsókn um að fallið verði frá smur og dekkjarverkstæði vegna ábendinga sem bárust í skipulagsferlinu. Einnig óskar ráðið eftir formlegu samþykki eigenda fasteignar á umsókn um breytingar á deiliskipulagi Flatahverfis 1 vegna Innnesvegar 1.

Óskað er eftir frekari gögnum:

- Uppfærð skipulagsgögn miðað við breytingar á forsendum.
- Skipulag lóðar m.t.t akstur- og gönguleiða.
- Nánari lýsing og útfærsla á skjólvegg.
- Útfærsla á merkingum inná lóð.
- Útfærsla að opnunartíma m.t.t við að ekki sé opið að nóttu til.

3. 2409016 - Dalbraut 8, Deiliskipulag

Farið yfir núverandi stöðu varðandi uppbyggingu á Dalbraut 8.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að útfærsla að innra skipulagi 1. hæðar samræmist núverandi deiliskipulagi. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram

4. 2301247 - Suðurgata 57 - gamla Landsbankahúsið

Drög að útboðsgögnum vegna sölu á fasteign við Suðurgötu 57, lóð Suðurgötu 47, Skólabraut 24 lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fyrirbyggjandi útboðsgögn

sem leita eftir hugmyndum um uppbyggingu á reitnum verði samþykkt.

5. 2410304 - Jarðefnatippur - útboð 2024

Lögð fram gögn fyrir verðkönnun á þjónustu á jarðefnatipp.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðsgögn vegna þjónustu á jarðefnatipp.

6. 2308093 - Sorptunnubreyting - útveggun tunna

Staða verkefnis kynnt. Dreifing nýrra tunna, endurmerking, og dreifing pappírspoka fer fram seinnihluta nóvember.

Umhverfisstjóri fór yfir stöðu málsins.

7. 2410279 - Ægisbraut 13 - Leigusamningur um atvinnuhúsnæði

Drög að leigusamning vegna þjónustumiðstöðvar á Ægisbraut 13 lagður fram.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að fyrirbyggjandi leigusamningur vegna þjónustumiðstöðvar Akranekaupstaður verði samþykktur.

8. 2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2027

Umfjöllun um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2027.

Skipulags- og umhverfissráð ítrekar fyrri bókun ráðsins frá 22. október sl. og vísar afgreiðslu áætlunar til bæjarráðs.

9. 2410297 - Stækkun Höfða - tilnefning í undirbúningsnefnd

Tilnefning í undirbúningsnefnd að stækkun Höfða.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að Guðmundur Ingbór Guðjónsson, verði fulltrúi Akraneskaupstaðar í undirbúningsnefnd að stækkun Höfða.

10. 2104078 - Deiliskipulag Ægisbrautar - endurskoðun

Umræður um næstu skref verkefnisins.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að hafinn verði undirbúningsvinna að skipulagi Ægisbrautar. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

11. 2406017 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024-2033

Endurskoðun fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar vegna yfirstandandi árs. Tillöga um viðauka vegna fjárhagsáætlunar 2024.

Skipulags og umhverfissráð samþykkir aukningu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2024, samtals að fjárhæð kr. 533.880.424 og vísar ákvörðuninni til bæjarráðs. Skipulags- og umhverfissráð leggur til að útgjöldunum verði mætt með viðauka sem feli í sér aukna lántöku og að bæjarráð vísi málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:40.

*Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Sveinn Aron Sigurmundsson*